

Þeistareykir ehf  
Franz Árnason, verkefnastjóri  
Háleitisbraut 68  
108 REYKJAVÍK

**2008100027**  
6100; 6612; 9310

Reykjavík, 5. febrúar 2009  
/--

### **Efni: Rannsóknaboranir á Þeistareykjum, Þingeyjarsveit, ákvörðun um tillögu að matsáætlun**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Þeistareykja ehf. að matsáætlun um rannsóknaboranir á Þeistreykjum, Þingeyjarsveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Þeistareykja dags. 8. desember 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Rannsóknaboranir á Þeistareykjum, Þingeyjarsveit. Þeistareykir ehf. og Mannvit verkfræðistofa. Desember 2008.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Þingeyjarsveit, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Þingeyjarsveit með bréfi dags. 13. janúar 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. janúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. janúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. janúar 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 13. janúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. janúar 2009. Athugasemd barst með bréfi 21. janúar 2009 frá Samtökum ferðaþjónustunnar. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 26. janúar 2009.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu Þeistareykja ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Þeistareykja ehf. dags. 26. janúar 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Í kafla 1.3 er fjallað um markmið framkvæmdarinnar og kafla 3 um framkvæmdina. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á korti/loftmyndagrunni legu/stefnu núverandi borhola. Fallist er á að á þessu stigi sé ekki spáð fyrir um sjálfbærni háhitanýtingar á svæðinu en undirstrikað er mikilvægi þess að gerð sé góð grein fyrir árangri af rannsóknaborunum á svæðinu fram að þessu og hvaða upplýsingar og vísbendingar hafa fengist við borun og mælingar í hverri holu.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um borun og mögulega staðsetningu borteiga og í 5. kafla um mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðra borana. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram samantekt á áhrifum núverandi mannvirkja vegna jarðhitarannsókna á svæðinu svo flatarmál lands sem hefur farið undir mannvirki, fyrirbyggjandi reynsla af áhrifum af borun og blæstri hola og lýsing á mótvægisaðgerðum og árangri þeirra. Fram komi hver verða samlegðaráhrif fyrirbyggjandi framkvæmda og fyrirhugaðra framkvæmda vegna rannsóknaborana á umhverfið. Endanleg staðsetning borteiga verði gerð með tilliti til þessara áhrifa, auk þess sem staðsetningin taki tillit til þess að borun skili sem bestri þekkingu um jarðhitaauðlindina. Skipulagsstofnun vill taka undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar varðandi kosti í staðsetningu og fjölda borteiga og bendir á að eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda, m.a. með því að skoða mismunandi valkosti.

### **Skipulag og leyfi**

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðu skipulags og kemur fram að unnið sé að gerð aðalskipulags Þingeyjarsveitar. Bent er á að aðalskipulagið fellur undir lög um umhverfismat áætlana og telur Skipulagsstofnun æskilegt að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða auglýsingu aðalskipulagsins. Gangi það ekki eftir þá leggur stofnunin áherslu á að framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hafi samráð. Með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 5.4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað almennt um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Fram kemur að ekki sé talið að áhrif verði af framkvæmdinni á ferðamenn eða í mesta lagi tímabundin á meðan á framkvæmdum stendur. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvenær ársins og hve lengi gert er ráð fyrir að borholur verði í blæstri, sjónrænum áhrifum af gufustrókum þegar holur blása og áhrifum af hávaða sem þá verður. Gera þarf grein fyrir niðurstöðum samráðs við hagsmuna- og fagaðila á sviði ferðaþjónustu, svo sem Ferðamálastofu, um áhrif rannsóknaborana og blásturs borhola fram að þessu á ferðamenn.

Í kafla 5.4.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að í frummatsskýrslu verði sýnd á uppdráttum og myndum afstaða mannvirkja til sérstæðra jarðmyndana. Skipulagsstofnun telur að á sama

hátt þurfi að gera grein fyrir afstöðu mannvirkja til vistkerfa sem njóta verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fram kemur að talið sé að áhrif á loft verði umfangslítill og í takmarkaðan tíma og því sé ekki þöf á að meta áhrif af losun jarðhitaloftegunda. Skipulagsstofnun tekur undir að þar sem aðeins er um að ræða tímabundna prófun á borholum, sem hefur í för með sér aukið útstreymi jarðhitaloftegunda á svæðinu, sé ekki þörf á að meta áhrif af losun jarðhitaloftegunda.

Í kafla 5.4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag. Skipulagsstofnun vill benda á að við mat á áhrifum á landslag þarf að horfa til gildis þess svæðis sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á og þarf m.a. að leggja það til grundvallar matinu. Skipulagsstofnun telur, m.a. í samræmi við ábendingar í umsögn Orkustofnunar, að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir frágangi á borteigum ef holurnar koma ekki til með að nýtast sem vinnsluholur. Þar á Skipulagsstofnun við frágang sem miðar eins og kostur er að því að ummerki vegna borana verði fjarlægð (aðflutt efni í borteiginn og borkjallari yrði fjarlægt) en að ekki verði einungis gert ráð fyrir hinum hefðbundna frágangi sem felst í um 3000 m<sup>2</sup> sléttuðu, malarbornu plani með kúluhúsi sem í mörgum tilfellum fellur illa að umhverfi.

Rut Kristinsdóttir

Póroddur F Póroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Þingeyjarsveit, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Samtök ferðaþjónustunnar.